

# Sjúkdómar og forvarnir í bleikjueldi

## Ráðstefna um framtíðarsýn og stefnumótun í íslensku bleikjueldi

27. október 2006


**Gísli Jónsson**
Landbúnaðarstofnun

**Sigurður Helgason**
Tilraunastöð HÍ, Keldum

# Fisksjúkdómar og fyrsta greining á Íslandi




| | |
|---|---|
| * | Hefur orðið vart sem kliniskur sjúkdómur í eldisstöðvum síðustu misserin. Finnst sem dulið smit í villtum laxfiskum. |
| ** | Hefur breiðst út um allt land. Gott bóluefni notað síðan 1992 í lax og **bleikju**, en ekkert ennþá til fyrir þorsk. |
| *** | Var lengi vel til vandræða í strandeldisstöðvum en sést einnig í sjókvíaeldi. Bólusett síðan vorið 1993. |
| # | Fyrsta tilfellið í laxaseiðum í Hvalfirði árið 1990, síðan greinst í **bleikju**, regnboga og aftur í laxi síðan 1997. Fyrsta tilfellið greindist í þorski (10-30 gr.) haustið 2005. |
| ## | Fyrsta greining í sjókvíalaxi á NA-landi í mars 1993. Haldið niðri með vel virku bóluefni. |
| ### | Greindist í villtum laxi og urriða í Elliðaánum sumarið 1995 og fram á vor 1996 (+ Hafbeitarfiskur/seiði í Kollafirði). |
| ° | Fyrsta greining í nóv. 2001, (2ja kg þorskur af villtum uppruna alinn í strandkeri). Gott bóluefni síðan sumar 2003. Fyrsta greining í sandhverfu (5-10 gr.) haustið 2004. |

 = Sjúkdómar sem hrjáð geta **bleikju**.

KELDUR

# Sjúkdómar og önnur óáran í íslensku fiskeldi

LANDBÚNAÐA STOFNUN

| Sjúkdómar/kvillar: | Lax | Bleikja | Regnbogi | Þorskur | Lúða | Sandhverfa | Hlýri | Sæeyra |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hitraveiki | | | | | | | | |
| Kýlaveikibróðir | | | | | | | | |
| Nýrnaveiki | | | | | | | | |
| Rauðmunnaveiki | | | | okt. 2005 | | | | |
| Söðulsár/roðrot | | | | | | | | |
| Vetrarsár | | | | | | | | |
| Vibríuveiki | | | | | | | | |
| Þekjublaðra (Chlamydia) | | | | | | | | |
| Sæeyrnavisnun | | | | | | | | |
| Burstaormur | | | | | | | | |
| Fiskilús/laxalús | | | | | | | | |
| Hýli (Trichodina) | | | | | | | | |
| Illa (krabbadýr) | | | | | | | | |
| Kostía | | | | | | | | |
| Roðflyðrusýki (Gyrodactylus) | | | | apríl 2006 | | | | |
| Hnyð (Ichthyophonus hoferi) | | | | | | | | |
| Kudóaveiki (Myxospora) | | | | | | | | |
| Lóma (Myxospora) | | | | | | | | |
| Æxli í gervitálknum | | | | | | | | |
| Hryggskekkja | | | | | | | | |
| Marglyttur | | | | | | | | |
| Mattur augasteinn | | | | | | | | |
| þörungar | | | | | | | | |

# Sjúkdómstilfelli í eldisstöðvum 1993 - 2006

| | Fjöldi nýsmitaðra fiskeldisstöðva pr. ár: | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Sjúkdómur:** | 2006 | 2005 | 2004 | 2003 | 2002 | 2001 | 2000 | 1999 | 1998 | 1997 | 1996 | 1995 | 1994 | 19 |
| Hitraveiki | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1[•] | 0 | 1[•] | 1[•] | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 |
| Kýlaveikibróðir | 8[#*] | 3[#] | 6[o#•] | 4[o#•] | 2[o *] | 2[# *] | 0 | 0 | 0 | 1[*] | 0 | 0 | 0 | 1 |
| Nýrnaveiki | 4[•*o] | 3[o *] | 3[o *] | 1[o] | 1[o] | 0 | 0 | 0 | 1[o] | 0 | 0 | 1[*] | 4[• *] | 1 |
| Rauðmunnaveiki | 1[o] | 3[# o] | 0 | 4[o *] | 0 | 2[o *] | 1[o] | 0 | 0 | 2[o *] | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Vetrarsár | 0 | 0 | 0 | 1[•] | 1[*] | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1[•] | 0 |
| Vibríuveiki | 3[#] | 4[#] | 3[#] | 2[#] | 0 | 1[#] | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1[•] | 0 |
| Þekjublaðra | 1[#] | 1[#] | 1[#] | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3[o #] | 0 | 0 | 0 | 1 |

[*] Strandeldisstöð (selta: 10 - 25‰) [•] Sjókvíaeldi (full selta) [o] Klak- og seiðaeldisstöð (ferskvatn) [#] Eldi sjávarfiska (full selta)

# • Nýrnaveiki (*Renibacterium salmoninarum*)

**Nýrnaveiki** er án efa sá smitsjúkdómur sem valdið hefur íslensku fiskeldi hvað mestum fjárhags-legum skaða. Saga liðinna áratuga sýnir að nýrnaveikin hefur komið í bylgjum en ávallt hefur tekist að ráða niðurlögum hennar. Veikin var illvíg upp úr 1985, ekki hvað síst í eldi hafbeitar-seiða. Þá komu upp erfið tilfelli nánast samtímis í nokkrum eldisstöðvum upp úr 1994 og síðasta farsótt hóf innreið sína síðla árs 2003. Eldi bleikju hefur ekki orðið varhluta, ekki síst nú í upphafi síðustu bylgju þegar önnur tveggja kynbótastöðva okkar var slegin út tímabundið. Ítarleg úttekt á klakfiski hefur átt sér stað síðan 1985. Engin lækning er til og bóluefni ekki fáanleg. Bakterían leynist í villtum fiski og getur þannig hæglega borist í eldisstöð með frískum smitbera.



**Vökvasöfnun í kviðarholi**



**Bólguhnútar í nýra**





# • Kýlaveikibróðir (*Aeromonas salm.* sp. *achromogenes*)

**Kýlaveikibróðir** er útbreiddust allra bakteríusýkinga í íslensku fiskeldi. Hér á árum áður var ekki óalgengt að stöðvar væru að missa 15 - 25% af heildar lífþunga áður en til slátrunar kom. Í dag er smit til staðar í öllum okkar stærstu strandeldisstöðvum (hálfselta) ásamt í umhverfi sjókvía. Viðkvæmastur er laxinn og þar næst **bleikja**, hlýri, þorskur, lúða og sandhverfa. Regnbogi er nánast ónæmur. Bólusetningar hófust vorið 1992 með góðum árangri í lax- og bleikjueldi. Með auknu umfangi þorskeldis hefur bakterían orðið æ ágengari en virkt bóluefni fyrir þorsk hefur ekki enn litið dagsins ljós. Smit leynist víða í villtum fiski hér við land og árlega verður vart við einstaka sjúka laxfiska í laxveiðiám. Nýtt birtingarform í **bleikju** 2006!


















# • Costía (*Ichthyobodo necator*)

KELDUR

LANDBÚNAÐAR-STOFNUN

**Costía** er hinn versti ógnvaldur og veldur árlega töluverðum búsifjum í íslensku fiskeldi. Sníkilsins verður sérstaklega vart í eldi laxaseiða, en allar fisktegundir (bæði ferskvatns- og sjávartegundir) eru móttækilegar og þarf stöðugt að vera á verði. Mestur er skaðinn í frum-eldi þar sem tálkn seiða verða hreinlega óstarfhæf á örstuttum tíma með miklum dauða í kjölfarið. Formalínböðun er enn í dag öflugasta meðhöndlunin/forvörnin.














# • Hýli (*Trichodina* sp.)

**Trichodina** er algengt sníkjudýr hjá fiskum af flestum tegundum, ekki síst í **bleikju**eldi. Bifdýr þetta smitar beint á milli fiska án millihýsils og sýkir bæði roð og tálkn. Trichodina fjölgar sér með tvískiptingu og getur sýking magnast mjög hratt við ákveðnar aðstæður; mikinn ásetning, háan eldishita og ofgnótt fóðurleifa. Væg sýking veldur ertingu og kláða og dregur úr fóðurnýtingu og vexti. Ef sníkillinn nær að fjölga sér óheft og magnast upp, sérstaklega í tálknum, er stutt í afföll. Formalínböðun er áhrifarík meðhöndlun og ætti reglubundin böðun að vera hluti af starfsskipulagi á hverri eldisstöð sem hluti af forvörnum.







# Forvarnir í bleikjueldi

KELDUR

LANDBÚNAÐAR STOFNUN

**Sjúkdómar sem verjast má með bóluefnum:**



- Kýlaveikibróðir
- Rauðmunnaveiki



**Engin bóluefni til gegn Nýrnaveiki!**

**Sjúkdómar sem verjast má með lyfja-/efnameðferð:**

- Bakteríusýkingar (÷ nýrnaveiki)
- Ytri sníkjudýr

**Sjúkdómar þar sem hvorki lyf né bóluefni gagnast:**

- Nýrnaveiki
- Veirusýkingar

# Notkun sýklalyfja í fiskeldi 1990 - 2005



# Notkun sýklalyfja í fiskeldi 1990 - 2006



# Heildarnotkun sýklalyfja pr. tonn sláturfisks 1990 - 2005



# Dýralæknir fisksjúkdóma

